



## Reglur um skólahald í Ísafjarðarbæ þegar óveður geisar

### Óveður – skólahald fellt niður

Þegar appelsínugular eða rauðar viðvaranir Veðurstofu Íslands eru í gildi hefur skólastjóri heimild, í samráði við sviðsstjóra, að fella niður skólastarf (grunn- og leikskólar í Ísafjarðarbæ). Sé það gert þarf að tryggja að hægt verði að opna skóla fyrir börn neyðaraðila ef brýn nauðsyn krefur og er það þá á ábyrgð foreldra að tilkynna komu barnanna í skólann.

Skólastjórnendur, í samráði við sviðsstjóra, meta þá hvort nauðsynlegt sé að opna skólann fyrir þessi börn.

Ef skólahald er fellt niður er slíkt auglýst á vefsíðu skólans, Facebook síðu skólans, svo og í tölvupósti til foreldra, og eigi síðar en kl. 7:00 að morgni dags.

Ef skóli fellur niður um lengri tíma vegna veðurs eru kennarar tilbúnir með verkefni eða námsáætlun, þannig að nemendur dragist ekki aftur úr í námi. Þessi verkefni geta verið með ýmsum hætti. Foreldrar/nemendur geta verið í tölvu- eða símasamskipum við kennara varðandi námið.

### Ábyrgð foreldra

Þegar gular viðvaranir eru í gildi hjá Veðurstofu Íslands skulu foreldrar ávallt að meta sjálfir hvort óhætt sé að senda barn í skólann. Í slíkum aðstæðum er alltaf einhver hluti starfsmanna mættur í skólann til að taka á móti þeim börnum sem mæta.

Foreldrar skulu meta hvort barn hafi sjálft getu til að komast frá grunnskóla í lok dags, eða hvort foreldri þurfi að sækja barn í grunnskóla/dægradvöl.

Þegar appelsínugular eða rauðar viðvaranir eru í gildi hjá Veðurstofu Íslands þá gilda þau eindregnu tilmæli að foreldrar fylgi yngri börnum til skóla eða að stoppistöð skólabíls og yfirgefi þau ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks.

Sé barn heima vegna veðurs eða ófærðar, þegar skóla hefur ekki verið aflýst, skal forráðamaður tilkynna það í síma, tölvupósti eða á Mentor/Karellen. Aðstæður fólks til að koma börnum á milli heimils og skóla eru ólíkar og er tekið tillit til þess. Tilvik sem þessi eru eðlileg forföll og eru skráð sem slík.

### Ábyrgð skóla

Skólastjórar skulu upplýsa foreldra tímalega ef röskun verður á skólastarfi vegna óveðurs. Það skulu þeir gera með því að senda tölvupóst og setja upplýsingar á vefsíðu og Facebook síðu skólans.

Geisi óveður við lok skóladags metur skólastjórnandi hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða sé til að foreldrar sæki börnin. Skólastjóri hefur þá samband við foreldra og sendir

út tilkynningu þess efnis. Við slíkar aðstæður fá yngri börn ekki að yfirgefa skóla nema í fylgd foreldra sinna eða annarra forráðamanna.

Skólastjórar skulu sjá til þess að vakin sé athygli starfsfólks og foreldra á reglum þessum í upphafi hvers skólaárs.

### **Óveður leið hjá**

Þegar appelsínugul eða rauð viðvörðun Veðurstofu fellur úr gildi skal skólastjórnandi, í samráði við sviðsstjóra, meta hvort tilefni sé til að opna skóla þann skólalag. Skal það auglýst á sama hátt og varðandi niðurfellingu skólalags.

Leitast skal við að opna skóla um leið og veður og færð heimilar.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

16. febrúar 2022